

hann því ekki hjá að sæta sekt samkvæmt samþykktinni 4. gr. b., og virðist hún eptir málavöxtum hæfilega metin 10 kr., er samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, 7. gr. að hálfu greiðist Hólshreppi í Ísafjardarsýslu, en að hálfu gæzlunefndinni í nefndum hrepp, er kom brotinu upp. Samkvæmt þessum úrslitum ber hinum kærða að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Málkostnaðr í hjerði var eptir skýrslu undirdóm-
arans enginn.

Meðferð málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmaet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Jón Ebenzerson á að greiða 10 kr. sekt, er að $\frac{1}{2}$ lúkist Hólshreppi í Ísafjardarsýslu, en að $\frac{1}{2}$ gæzlunefndinni í nefndum hrepp, Svo ber honum og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslu-
laun til sóknara og svaramans fyrir yfirdóminum, Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar og Páls mála-
flutningsmanns Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. októbermán.

Nr. 49/1880.

Rjettvísín

gegn

Páli Eyjólfssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem gekk í aukarjetti Reykjavíkur

kaupstaðar 10. dag ágústmán. næstl., er hinn ákærði, gestgjafi og gullsmiður Páll Eyjólfsson hjer í bænum, dæmdur til að greiða 50 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma, til einfalds fangelsis í 15 daga og málskostnaðargreiðslu, og þar á meðal til að lúka 6 kr. í varnarlaun til talsmanns síns, nema hann vinni eið að því, að hann hvorki hafi verið í vitorði eða verki með þeim mönnum, er hinn 25. júlí f. á. rifu laxakistur Thomsens úr Elliðaánum.

Þessum dómi er af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins. Tildrög máls þessa eru þau, að 25. júlímán. f. á. skrifuðu allmargír menn hjer í nágrenninu landshöfðingja brjef þess efnis, að þeir hefðu rifið laxagarða og veiðivjelar Thomsens kaupmanns úr Elliðaánum, og skorudu jafnframt á hann að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að ólöglegir veiðigarðar og veiðivjelar aldrei frammar yrðu settar í Elliðaárnar en þá garða og þær veiðivjelar, er þeir rifu úr ánum 25. júlí f. á., töldu þeir ólöglegar. Meðal þeirra manna, sem rituðu nöfn sín undir brjef þetta var hinn ákærði Páll Eyjólfsson; er þetta sannað með eigin játningu hans, en hann hefur stöðugt borið, að hann hafi hvorki lesið brjef þetta, nje heyrð það lesið áður en hann hafi skrifað undir það, og hann hafi haldið, að brjefið eingöngu væri áskorun til landshöfðingja um að afstýra því, að Elliðaárnar væru þvergirtar eða ólöglega veitt í þeim; um hitt, sem sje auglysingu undirskrifenda um, að þeir hefðu rifið veiðigarða og veiðivjelar Thomsens úr nefndum ám, þykist hann ekkert hafa vitað, enda hafi hann hvorki verið í vitorði nje verki með þeim mönnum, er þetta gjörðu.

Þessari neitun hinns ákærða er ekki hnekkð með neinum gildum sönnunum, og ber því að dæma hann

sýknan af ákæru sóknarans í þessu máli. En með því hinsvegar nokkrar líkur eru til þess, að hinn ákærði hafi verið staddur við Elliðaárnar 25. júlí f. á. og hafi átt einhver mök við úrrifsmennina, og hann þar að auki með því að skrifa undir nefnt brjef til landshöfðingja hefur sjálfur verið þess ollandí, að mál þetta var höfðað á hendur honum, þá ber honum að greiða allan af því bæði fyrir undir- og yfirdómi löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal málsfærslulaun til talsmanns síns í hjerði og fyrir yfirdómi 16 kr. og til sóknara við yfirdóminn 10 krónur.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Páll Eyjolfsson á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Þó ber honum að greiða málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til talsmanns síns í hjerði og fyrir yfirdómi, Páls málaflutningsmanns Melsted's, 16 kr., og til sóknara við yfirdóminn, Jóns setts málaflutningsmanns Jónssonar, 10 krónur.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 25. októberm.

Nr. 42/1880.

Georg Thordahl.

gegn

Jóni landritara Jónssyni.

D ó m u r:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur kaupstaðar 11. dag marzmán. þ. á., var